

Samþykktir

Þróunar- og símenntunarsjóðs félagsfólks bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu

1. gr.

Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Þróunar- og símenntunarsjóður bæjarstarfsmannafélaga hjá ríkinu. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Akureyri. Sjóðurinn starfar á grundvelli kjarasamnings og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og eftirtalinna félaga: Kjölur, stéttarfélag starfsmanna í almannatjónustu, Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS - stéttarfélag í almannatjónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Suðurnesja og Starfsmannafélag Vestmannaeyja skv. gr. 10.3.1.2 í kjarasamningi aðila.

Sjóðurinn starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í þessum reglum.

2. gr.

Stefna og hlutverk

Markmið sjóðsins er að auka möguleika stofnana og vinnustaða á að þróa starfssvið sitt með því að styðja við markvissa starfsþróun. Sjóðurinn leggur áherslu á að starfsfólk hafi tækifæri til að auka og nýta þekkingu sína í starfi, ásamt því að þróa færni sína og viðhalda verðgildi sínu á vinnumarkaði.

Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu meðal annars með því að veita styrki til fræðsluverkefna sem tengjast markvissri starfsþróun og þróun mannauðs.

3. gr.

Réttindi til styrkumsókna

Rétt til að sækja um styrki til sjóðsins hafa launagreiðendur sem greiða í sjóðinn, samningsaðilar og Fræðslusetrið Starfsmennt.

Umsóknir skulu sendar stjórn sjóðsins þar sem fram kemur lýsing á því fræðsluverkefni sem sótt er um styrk til, skipulagi þess, efnisinntaki, áætlaðri framkvæmd, kostnaði, öðrum styrkjum og framlagi umsækjanda.

4. gr.

Fjármál og tekjur

Tekjur Þróunar- og símenntunarsjóðsins eru:

- Mánaðarlegt iðgjald launagreiðanda sem svarar 0,5% af heildarlaunum vegna hlutaðeigandi starfsmanna.
- Fjármagnstekjur

Framlag launagreiðanda skal greitt fyrir 10. hvers mánaðar inn á reikning sjóðsins í þeirri fjármálastofnun sem stjórn sjóðsins ákveður.

Fjármunir sjóðsins verða ávaxtaðir á þann hátt sem sjóðstjórn telur hagkvæmast á hverjum tíma. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við aðra aðila um að sjá um daglega umsýslu hans þar á meðal bókhald.

5. gr.

Reikningar

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu skoðaður af löggiltum endurskoðanda sem stjórn sjóðsins fær til verksins.

6. gr.

Skipan, hlutverk og starfshættir stjórnar

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum fulltrúum, tveimur skipuðum af fjármálaráðherra og tveimur af bæjarstarfsmannafélögunum hjá ríkinu. Stjórnin kys sér formann og varaformann. Hlutverk stjórnar Þróunar- og símenntunarsjóðs er að móta og þróa starfsemi sjóðsins í samræmi við markmið hans. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins og setur sér nánari úthlutunarreglur. Stjórnin fundar reglulega og skal halda gerðabók og rita í hana samþykktir sínar.

Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði.

Stjórnin skal árlega gera skýrslu um störf sín.

7. gr.

Samstarf við aðra aðila

Þróunar- og símenntunarsjóður getur átt samstarf við aðra aðila samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni og gert við þá samninga til lengri eða skemmri tíma til að vinna að markmiðum og verkefnum sjóðsins.

8. gr.

Breytingar á samþykktum

Breytingar á reglum þessum skulu hljóta samþykki fjármála- og efnahagsráðherra og stjórnar bæjarstarfsmannafélagana. Samþykktir þessar koma í stað reglna um Þróunar- og símenntunarsjóði Samflot bæjarstarfsmannafélaga dags. 20. maí 1998.

Samþykkt og undirritaðar f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytinu og stjórnir bæjarstarfsmannafélagana með rafrænni undirskrift í desember 2025

F.h. fjármála og efnahagsráðherra
Jökull H. Úlfsson
Ásta Einarsdóttir
Einar Mar Þórðarson

F.h. Félags opinberra starfsmanna á
Austurlandi, Guðjón Hilmarsson

F.h. FOSS stéttarfélags í almannabjónustu,
Árný Erla Bjarnadóttir

F.h. Kjalar stéttarfélags í almannabjónustu,
Arna Jakóbína Björnsdóttir

F.h. Starfsmannafélags Húsavíkur,
Hermína Hreiðarsdóttir

F.h. Starfsmannafélags Kópavogs,
Marta Ólöf Jónsdóttir

F.h. Starfsmannafélags Suðurnesja,
Trausti Björgvinsson

F.h. Starfsmannafélags Vestmannaeyja,
Unnur Sigmarsdóttir